



• THE WRITERS' UNION OF ICELAND • ÍSLANDS FORFATTERFORBUND • VERBAND ISLÄNDISCHER SCHRIFTSTELLER •

Alþingi
Erindi nr. P 125/1206
komudagur 24. 3. 2000

Nefnasvið Alþingis (Menntamálanefnd)
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Gunnarshúsi 23. mars 2000

Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum

Stjórn Rithöfundasambands Íslands fagnar þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru og fram koma í frumvarpinu er styrkja rétt höfunda.

Við tökum undir þá ábendingu sem Hagþenkir – félag höfunda fræðirita og kennslugagna hefur þegar komið fram með að með breytingum með 1. gr. frumvarpsins fylgi viðbót við 2. gr. höfundalaga 3. mgr. þannig að málsgreinin verði þannig orðuð:

Verk telst birt þegar það er með réttri heimild flutt eða sýnt opinberlega, komið fyrir í gagnagrunni, sbr. 6. gr. 4. mgr., eða eintök af því hafa verið gefin út, eins og segir í 2. mgr.

Stjórnin mælist til þess að menntamálanefnd geri tillögu að ofangreindri breytingu.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Rithöfundasambands Íslands

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, formaður